

Rektor setti fund kl. 9:15.

Mættir voru auk hans:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra  
Finnur Friðriksson fulltrúi kennara  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Elísabet Hjörleifsdóttir lektor (5. dagskrárl.)  
Ingi Rúnar Eðvarðsson deildarforseti (4. dagskrárl.)  
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður (12. dagskrárl.)

---

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð 261. fundar**

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

**2. Rekstraryfirlit janúar – desember 2007**

Úlfar sagði að vinnu við rekstraryfirlit ársins 2007 væri að mestu lokið. Þó ættu einhverjar færslur eftir að koma inn en fyrirsjáanlegt er að rekstur verður hallalaus. Háskólaráð fagnaði þessari niðurstöðu.

**3. Framkvæmd samnings um kennslu og rannsóknir**

Ólafur greindi frá því að þann 19. febrúar mun framkvæmdastjórn halda dagsfund þar sem lögð verða drög að þriggja ára rekstraráætlun fyrir háskólann þar sem tekið verður mið af samningi við menntamálaráðuneyti og markmiðaaætlunum hans.

**4. Skorarskipting í viðskipta- og raunvísindadeild,**

Ingi Rúnar Eðvarðsson gerði grein fyrir tillögum og útfærslum þess efnis að viðskipta- og raunvísindadeild verði skipt í tvær skorir; viðskiptaskor og raunvísindaskor. Háskólaráð samþykkti tillögurnar og tekur þetta fyrirkomulag strax gildi.

**5. Endurskoðun reglna um rannsóknamisseri**

Elísabet Hjörleifsdóttir formaður rannsóknaleyfanefndar kynnti tillögur nefndarinnar um reglur um rannsóknamisseri kennara. Rannsóknamisseri hafa sannað ágæti sitt með aukinni rannsóknavirkni í deildum háskólans auk þess sem slík misseri hafa veitt kennurum svigrúm til að einbeita sér að þeim rannsóknnum sem þeir stunda að jafnaði við deildir Háskólans á Akureyri. Rannsóknamisseri er ætlað að gagnast bæði kennara og viðkomandi deild Háskólans á Akureyri. Kennarar sinna rannsóknnum í 100% starfi meðan á rannsóknamisseri stendur.

Háskólaráð samþykkti reglurnar.

- 6. Endurskoðun reglna um vinnumatssjóð**  
Þóroddur gerði grein fyrir tillögum að reglum um Vinnumatssjóð háskólans. Reglurnar voru samþykktar. Þær gilda vegna starfa á árinu 2008.
- 7. Skipun stjórnar Verkefnasjóðs um styrk Akureyrarbæjar**  
Háskólaráð samþykkti að skipa eftirtalda í stjórn Verkefnasjóðs um styrk Akureyrarbæjar:  
Hreiðar Þór Valtýsson lektor og útibússtjóri Hafrannsóknastofnunar á Akureyri  
Jóna Jónsdóttir forstöðumaður, jafnframt formaður  
Jórunn Elísdóttir lektor  
Stjórnin er skipuð til tveggja ára.
- 8. ECTS einingar**  
Háskólaráð samþykkti tillögu gæðaráðs um að taka alfarið upp ECTS einingar við HA og kennslusviði var falið að gera viðeigandi ráðstafanir.
- 9. Álit kærunefndar jafnréttismála**  
Lagt var fram til kynningar álit kærunefndar jafnréttismála í máli nr. 5/2007. Kærandi óskaði eftir því við kærunefnd að hún kannaði og tæki afstöðu til þess hvort launagreiðslur til kæranda fælu í sér mismunun sem bryti í bága við ákvæði laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Álit kærunefndar er að HA þykir ekki hafa brotið gegn fyrrnefndum lögum.
- 10. Dómnefndarálit**  
Háskólaráð samþykkti dómnefndarálit um Grétar Þór Eypórsson. Álitið var kynnt á síðasta fundi háskólaráðs.
- 11. Álitsgerð**  
Háskólaráð samþykkti álitsgerð um hæfi Jakobs Th. Möllers að því tilskyldu að hann verði tilnefndur heiðursprófessor skv. reglum um heiðursprófessora sem samþykktar voru á síðasta fundi háskólaráðs.
- 12. Almanak HA**  
Laufey Petrea Magnúsdóttir kynnti tillögu að almanaki háskólans 2008-2009. Háskólaráð samþykkti tillöguna.
- 13. Aðild að Þekkingarsetri Vestmannaeyja**  
Háskólaráð samþykkti aðild að Þekkingarsetri Vestmannaeyja.
- 14. Samningur við Háskólasetur Vestfjarða**  
Háskólaráð samþykkti drög að samningi við Háskólasetur Vestfjarða.
- 15. Önnur mál**  
15.1 Háskólaráð samþykkti að stjórnslu rannsókna yrði falið að sjá til þess að framgangsumsóknir kennara verði metnar með sama hætti og gert er í Háskóla Íslands.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:50.